



Leiðarvísir fyrir talhólf Símvistar

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	- 1 -
Um talhólfið	- 2 -
Talhólf sett upp í fyrsta sinn.....	- 2 -
Kveðja hljóðrituð.....	- 2 -
Nafni breytt.....	- 3 -
Lykilorði breytt.....	- 3 -
Skilaboð tekin upp og send á annan síma.....	- 3 -
Móttöku skilaboða breytt	- 4 -
Valmöguleikar talhólfs	- 4 -

Um talhólfið

Talhólf Símvistar er innbyggt á notanda Símvistar. Talhólfið er þó ekki hluti af notanda nema beðið sé sérstaklega um að það sé tengt á notanda. Talhólf Símvistar geymir ekki skilaboð, heldur sendir þau beint á netfang notanda sem hljóðskrá. Því er ekki hægt að hringja inn í talhólfið til að hlusta á skilaboð sem hafa borist. Hægt er að hringja í talhólfsgáttina og stilla talhólfið að þörfum notanda. Hér er farið yfir það hvernig talhólfið er stillt.

Talhólf sett upp í fyrsta sinn

Hringt er í aðgangsnúmer talhólfsins. Ef aðgangsnúmer er ekki vitað skal hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar í númerið 8004000. Þegar talhólfsgáttin svarar slærðu inn símanúmerið þitt, annaðhvort 7 stafa númerið eða stuttnúmer. Sláðu nú inn lykilorð. Ef talhólfið hefur ekki verið sett upp áður er lykilorðið 1234. Ef það virkar ekki, þá þarf að hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar.

Þegar þú hefur tengst talhólfinu þarftu að breyta um lykilorð. Sláðu inn 4 stafa lykilorð og síðan #. Endurtaktu lykilorðið og síðan #. Nú mun talhólfið biðja þig að taka upp nafn. Lestu inn nafnið og ýttu síðan á #. Til að hlusta á upptöku velurðu 2. Til að taka upp aftur velurðu 1. Til að vista nafnið velurðu *.

Núna er talhólfið tilbúið. Hægt er að fara svo í nánari stillingar.

Kveðja hljóðrituð

Hringt er í aðgangsnúmer talhólfsins. Ef aðgangsnúmer er ekki vitað skal hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar í númerið 8004000. Þegar talhólfsgáttin svarar slærðu inn símanúmerið þitt, annaðhvort 7 stafa númerið eða stuttnúmer. Sláðu nú inn lykilorð.

Boðið er upp á 2 tegundir af kveðjum, annars vegar kveðja þegar sími er upptekinn og hins vegar þegar síma er ekki svarað.

Veldu 1 til að fara inn í stillingar talhólfsins.

Til að taka upp kveðju sem spilast þegar sími er upptekinn velurðu 2. Til að taka upp kveðju sem kemur þegar síma er ekki svarað velurðu 3.

Veldu 2 til að spila núverandi kveðju. Veldu 1 til að taka upp nýja kveðju. Talað er inn þegar hljóðmerkið heyrir og síðan ýtt á # til að stöðva upptöku.

Nafni breytt

Hringt er í aðgangsnúmer talhólfsins. Ef aðgangsnúmer er ekki vitað skal hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar í númerið 8004000. Þegar talhólfsgáttin svarar slærðu inn símanúmerið þitt, annaðhvort 7 stafa númerið eða stuttnúmer. Sláðu nú inn lykilorð.

Veldu 1 til að fara inn í stillingar talhólfsins.

Veldu 7 til að breyta nafni.

Veldu 2 til að spila hljóðritun á nafni.

Veldu 1 til að hljóðrita nýtt nafn. Talað er inn þegar hljóðmerkið heyrir og síðan valið # til að stöðva upptöku.

Lykilorði breytt

Hringt er í aðgangsnúmer talhólfsins. Ef aðgangsnúmer er ekki vitað skal hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar í númerið 8004000. Þegar talhólfsgáttin svarar slærðu inn símanúmerið þitt, annaðhvort 7 stafa númerið eða stuttnúmer. Sláðu nú inn lykilorð.

Veldu 1 til að fara inn í stillingar talhólfsins.

Veldu 6 til breyta lykilorði. Sláðu inn nýtt lykilorð og veldu síðan #. Sláðu inn nýtt lykilorð aftur og veldu #. Lykilorði hefur nú verið breytt.

Skilaboð tekin upp og send á annan síma

Hægt er að taka upp kveðju og senda á annan síma, eða hóp af sínum.

Hringt er í aðgangsnúmer talhólfsins. Ef aðgangsnúmer er ekki vitað skal hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar í númerið 8004000. Þegar talhólfsgáttin svarar slærðu inn símanúmerið þitt, annaðhvort 7 stafa númerið eða stuttnúmer. Sláðu nú inn lykilorð.

Veldu 1 til að fara inn í stillingar talhólfsins.

Veldu 4 til að hljóðrita kveðju. Talað er inn þegar hljóðmerkið heyrir og síðan ýtt á # til að stöðva upptöku.

Veldu 2 til hlusta á skilaboðin. Veldu 1 til að taka þau upp aftur.

Veldu 3 til að senda skilaboðin. Sláðu inn símanúmer sem senda á skilaboðin á og veldu síðan #. Til að senda velurðu aftur #. Ef senda á skilaboðin á fleiri, sláðu þá inn númer viðkomandi og síðan # og aftur # til að senda. Þetta er svo endurtekið fyrir alla sem á að senda á. Leggðu á til að hætta eða veldu * til að fara til baka í val.

Móttöku skilaboða breytt

Hægt að stilla hvort talhólfíð taki við skilaboðum eða vinni bara sem svarhólf. Hægt er að láta talhólfíð lesa skilaboð og senda síðan símtalið á fyrirfram ákveðið númer.

Hringt er í aðgangsnúmer talhólfsins. Ef aðgangsnúmer er ekki vitað skal hafa samband við kerfisstjóra eða tæknimann Símvistar í númerið 8004000. Þegar talhólfsgáttin svarar slærðu inn símanúmerið þitt, annaðhvort 7 stafa númerið eða stuttúmer. Sláðu nú inn lykilorð.

Veldu 1 til að fara inn í stillingar talhólfsins.

Veldu 8 til að breyta móttöku skilaboða.

Veldu 3 til að heyra hver staða móttaka skilaboða er.

Veldu 1 til að virkja móttöku skilaboða. Nú mun talhólfíð taka við skilaboðum og senda á netfang notanda.

Veldu 2 til að gera móttöku skilaboð óvirka. Nú mun talhólfíð ekki taka við skilaboðum heldur bara spila kveðju. Ef þú velur 1 núna mun talhólfíð spila kveðju og skella svo á. Ef þú velur 2 mun talhólfíð spila kveðju og senda svo símtalið á fyrirfram ákveðið númer. Sé það númer ekki þegar forritað þarftu að slá það númer inn og velja síðan #.

Valmöguleikar talhólfs

Aðalval

1 - Stillingar talhólfs

2 - Kveðja sem spilast þegar sími er upptekinn

3 – Kveðja sem spilast þegar síma er ekki svarað

4 – Skilaboð tekin upp og send á annan síma

6 – Breyta lykilorði

7 – Breyta nafni

8 – Breyta móttöku skilaboða

4 – Breyta hringiflutningum

8 – Breyta lykilorði